

Svör við fyrirspurn Álfhildar Leifsdóttur:

1. Hver er núverandi staða á heildarkostnaði framkvæmda við Aðalgötu 21-21a?

Heildarkostnaður framkvæmda við Aðalgötu 21a og 21b er nú kr. 317.732.269,-

2. Hver er sundurliðaður kostnaður við framkvæmdina og til hvaða fyrirtækja hefur verið greitt nákvæmlega?

Sundurliðaður kostnaður við framkvæmdina er hér fyrir neðan og einnig listi yfir þau fyrirtæki sem hafa fengið greitt yfir 1 m.kr. vegna framkvæmdarinnar.

Sundurliðaður kostnaður framkvæmda við Aðalgötu 21a og 21b á Sauðárkróki

Nr.	Heiti	Hreyfing
1960	Kaffistofa starfsfólks	315.184,00
2080	Kort, myndir, filmur, segulmið	107.176,00
2150	Vinnufatnaður	12.625,00
2180	Hreinlætisvörur	2.587,00
2510	Rafmagn	1.045,32
2840	Verkfæri og áhöld	24.531,00
2890	Önnur vörukaup	69.252.845,22
4120	Vöru- sendiferða-og rútubílar	1.914.589,88
4230	Gisting og fæði	15.731.490,00
4240	Fargjöld, bílaleiga, vegtollur	1.167.832,96
4319	Lögfræðikostnaður m/endurkr.vs	150.750,00
4329	Verkfræði-og arkitektþj. End	17.776.120,06
4398	Önnur sérfr.þj. m/ekr.vsk.	608.800,00
4440	Véla-, verkfæra- og áhaldaleig	3.193.621,00
4479	Gámaleiga, endurkr. vsk.	1.516.537,22
4620	Viðhald húsnæðis	16.645.506,00
4640	Vinnuvélaþjónusta aðk.vinna og	773.581,60
4949	Samningsverk v/sorpurðunar, so	515.005,68
4980	Aðkeypt önnur vinna	188.917.412,30
7105	Dráttarvextir	186.021,00
7140	Seðilgjöld	12.758,00
9985	Eignfært á árinu	-1.093.750,00
	Samtals	317.732.269,24

Fjárhæðir greiddar til einstakra verktaka og byrgja (upphæðir yfir 1 m.kr.). Í sumum tilfellum er bæði um kostnað vegna vinnu og efnis að ræða.

Alark	2.078.589
Armar vélaleiga	2.140.736
Ágluggar JG ehf	4.618.017
BM Vallá ehf	2.831.548
Bitter ehf. (loftaklæðning)	1.322.232
Blikk og tækniþjónustan	1.030.545

Blikkrás ehf.	6.638.123
Byko	2.187.413
Efla Verkfræðistofa	3.078.931
Eiríkur Ingólfsson ehf (gluggar og hurðar)	3.180.350
Fastus ehf	3.485.744
Flotgólf ehf	5.137.358
GI Múr ehf	14.454.388
Gólfhitalausnir ehf	1.645.000
Gólflausnir Málland ehf	2.187.856
Hitatækni ehf	1.546.280
Íslandslyftur ehf	4.465.384
Íspan ehf	1.050.146
Jón Svavarsson málarameistari	22.316.799
Kaupfélag Skagfirðinga	23.351.937
Kþ Lagnir ehf	13.659.274
Loks ehf (bygginga- og verkefnastjórn)	8.253.480
Magnús Magnússon	5.701.272
Múrbúðin ehf	1.608.376
Ó.K. Gámaþjónusta	1.757.279*
Performa ehf	3.118.000
Spíra ehf	15.730.900
Steyrustöð Skagafjarðar ehf	1.870.129
Stoð ehf	3.618.751
T.T. Hönnun ehf.	2.248.200
Tengill ehf	14.903.148
Trésmiðjan Borg ehf.	14.021.075
Verkeining	114.084.390
Vörumiðlun	2.546.662
Þ.Jónsson ehf	1.209.276

* Óskar tekið fram að lögbundinn urðunarkostnaður sem fyrirtækinu er skylt að greiða nemur að lágmarki 25% af þessum kostnaði.

3. Hvað hafa farið margar vinnustundir hjá starfsmönnum Sveitarfélagsins í vinnu vegna Aðalgötu 21-21a?

Ekki er haldið utan um vinnustundir veitu- og framkvæmdasviðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar við einstakar framkvæmdir, utan þeirra sem Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur standa sameiginlega að, í samræmi við nýjan þjónustusamning á milli sveitarfélaganna.

4. Hver er starfslýsing þeirra starfsmanna sem vinna í upplýsingamiðstöð þeirri sem staðsett er í Aðalgötu 21-21a?

STARFSLÝSING

I. Grunnupplýsingar

Starfsheiti:	Þjónustufulltrúi í upplýsingamiðstöð ferðamanna
Starfsheiti skv. kjarasamningi:	Þjónustufulltrúi í upplýsingamiðstöð ferðamanna
Ístarfsnúmer:	
Stofnun, málaflokkur:	Ferðamál, málaflokkur 13
Nafn starfsmanns og kennitala:	
Netfang/sími starfsmanns:	
Stéttarfélag:	
Næsti yfirmaður:	Sigfús Ólafur Guðmundsson
Netfang/sími yfirmanns:	sigfusolafur@skagafjordur.is / 4556170

II. Tilgangur / markmið starfsins

Tilgreina megintilgang starfsins þar sem tekið er mið af markmiðum og kröfum deildar / sviðs / stofnunar eða sveitarfélags. Stutt lýsing, 1-2 setningar.

Markmið starfsins er veita innlendum og erlendum ferðamönnum í Skagafirði upplýsingar um þá afþreyingu og þjónustu sem er í Skagafirði og nágrenni svo að ferðamenn geti upplifað það besta sem Skagafjörður hefur upp á að bjóða. Einnig að auðvelda hagsmunaaðilum í ferðaþjónustu að koma vörum sínum og þjónustu á framfæri.

III. Helstu verkefni

Telja upp helstu verkefni í starfinu, stutt og hnitmiðuð en ekki tæmandi upptalning. Hér er átt við verkefni sem starfsmaður þarf að sinna flesta eða alla daga / verkefni á dæmigerðum vinnudegi og hvernig þau eru unnin, t.d. með hvaða búnaði.

Helstu verkefni eru að annast almenna upplýsingamiðlun á sviði ferðamála, s.s. að veita:

- Almenna aðstoð við ferðamenn, eftir því sem við á, í gegnum afgreiðslu eða tölvusamskipti.
- Upplýsingar um t.d. áhugaverða staði, gistingu, afþreyingu, samgöngur, færð á vegum, veðurhorfur o.fl. á Norðurlandi vestra, auk þess að aðstoða eftir föngum með upplýsingar varðandi landið í heild sinni.
- Svör við fyrirspurnum erlendra sem innlendra ferðamanna, munnlega og skriflega.
- Hlutlausu kynningu á þeirri þjónustu sem boðið er upp á.

Einnig að sinna:

- Almennri tölvuvinnu, uppfærslu upplýsinga á heimasíðum og á þjónustulistum svo sem hvað varðar gistingu og ýmiskonar afþreyingu.
- Umsjón með bæklingalager, pöntun og utanumhaldi.

- Vinnu við sölu- og upplýsingatengda þjónustu, m.a. tengda starfsemi Sýndarveruleika í Aðalgötu 21, þegar svigrúm vegna almennrar aðstoðar við ferðamenn leyfir.
- Sölu á smávarningi.

IV. Önnur verkefni

Hér er átt við föst verkefni í starfinu sem eru sjaldgæfari en þau sem eru tilgreind í helstu verkefnum. Eitthvað sem starfsmaður þarf að sinna t.d. einu sinni í mánuði eða einu sinni til tvisvar á ári. Gæti t.d. átt við um uppgjör, fjárhagsáætlun o.s.frv.

- Þátttaka í markaðssetningu ferðapjónustu.
- Önnur þau verkefni sem starfsmanni eru falin af yfirmanni.

V. Kröfur um menntun og/eða reynslu/hæfni

Ef gerð er krafa um formlega menntun er mikilvægt að tilgreina hana hér, t.d. stúdentspróf, iðnmenntun, háskólamenntun o.s.frv. Mikilvægt er að tilgreina hér ef gerð er krafa um sérstaka reynslu eða hæfni til þess að geta sinnt starfinu.

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun.
- Góð íslensku- og enskukunnátta, talað og ritað mál, kunnátta í fleiri tungumálum er kostur.
- Færni í tölvunotkun.
- Lipurð og færni í mannlegum samskiptum og skipulagshæfileikar.
- Geta til að vinna í annasömu umhverfi og í teymi.
- Þjónustulund og jákvæðni.
- Góð staðkunnátta á ferðamannastöðum á Norðurlandi, sér í lagi í Skagafirði, og þekking á þjónustu og afþreyingu sem veitt er á svæðinu.
- Sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum.
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur.

VI. Samskipti

Tilgreina eðli samskipta í starfinu. Samskipti við yfirmenn, aðra starfsmenn, skjólstæðinga, þjónustubega eða almenning eftir því sem við á.

Starfsmaður á í samskiptum við ferðamenn sem til hans leita með það að markmiði að veita þeim sem bestu upplýsingagjöf um Skagafjörð. Starfsmaður er einnig í samskiptum við starfsmenn Sýndarveruleika ehf. í Aðalgötu 21, eftir því sem við á. Einnig er starfsmaður í samskiptum við næsta yfirmann sinn hjá Sveitarfélaginu Skagafirði.

VII. Vinnuaðstæður

Við hvaða aðstæður er unnið, inni eða úti, í miklum hita eða kulda, er um hættulegar aðstæður að ræða? eru notuð verkfæri eða tæki sem krefjast sérstakrar aðgæslu eða þjálfunar?

Eðlilegar aðstæður innandyra. Starfsstöð er í upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn á Sauðárkróki.

VIII. Mannaforráð

Ef starfið felur í sér mannaforráð skal tilgreina hér fjölda undirmanna og starfsheiti þeirra. Jafnframt þarf að lýsa stöðu starfsmanns í stjórnkerfi stofnunar, t.d. hvort millistjórnendur heyra undir hann.

Starfsmaðurinn heyrir undir verkefnastjóra í atvinnu-, menningar- og kynningarmálum. Starfið felur ekki í sér mannaforráð.

IX. Ábyrgð

Lýsing á því sem starfsmaður ber beina ábyrgð á t.d. ábyrgð á velferð og vellíðan fólks eða ábyrgð á stjórnun / starfsmannamálum eða ábyrgð á fjármunum eða ábyrgð á búnaði, tækjum, mannvirkjum eða upplýsingum. Stutt lýsing á því í hverju meginábyrgðin felst. Ábyrgð á verkefnum á heima í kaflanum um verksvið eða megin verkefni starfs.

Starfsmaður ber ábyrgð á að upplýsingamiðstöð sé alltaf snyrtileg, að bæklingar og annað kynningarefni sem eru í upplýsingamiðstöðinni séu aðgengileg og vel framsett.

X. Stefnumótun og/eða nefndarseta

Tilgreina ef starfsmaður tekur þátt í stefnumótun innan stofnunar eða sveitarfélags. Einnig ef nefndarseta er hluti af starfinu. Hvaða nefnd/ir og tilgang hennar/þeirra.

Yfirmaður getur fengið álit starfsmanns varðandi stefnumótun fyrir upplýsingamiðstöð og ferðapjónustu.

XI. Þagnarskylda

Starfsmanni er skylt að gæta fyllstu þagnarskyldu um atriði er hann fær vitneskju um í starfi og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanns eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Dagsetning og staður:	
Starfslýsing tekur gildi:	
Undirskrift starfsmanns:	
Undirskrift yfirmanns:	

5. Eru aðrir starfsmenn sveitarfélagsins en þeir tveir starfsmenn upplýsingarmiðstöðvarinnar að störfum í Aðalgötu 21-21a eða hafa verið frá opnun?

Nei. Stöðugildi Sveitarfélagsins Skagafjarðar við upplýsingamiðstöð í Aðalgötu á Sauðárkróki eru 2. Í stuttu sumarfríi annars starfsmanna leysti starfsmaður vinnuskóla viðkomandi af.

6. Hver er rekstrarhagnaður Sýndarveruleika ehf. það sem af er og er hann í samræmi við áætlanir?

Svarið er gefið í samráði við stjórnarformann Sýndarveruleika ehf. en þegar fyrirspurnir lúta beint að rekstri Sýndarveruleika er rétt að snúa sér þangað varðandi upplýsingar um það.

Sýningin 1238 – baráttan um Ísland, var ekki opnuð fyrr en í júní í sumar. Það eru því innan við 3 mánuðir liðnir af starfseminni. Ekki er gert ráð fyrir hagnaði af rekstri Sýndarveruleika strax á fyrstu misserum starfseminnar.

Stjórnarformaður Sýndarveruleika kynnti verkefnið og framtíðaráætlanir félagsins fyrir öllum sveitarstjórnarmönnum 13. desember 2018 og hefur sú kynning verið samfelld í skilaboðum á fjölmörgum fundum frá fyrstu kynningu verkefnisins fyrir núverandi og fyrri sveitarstjórn. Sú kynning sýndi fram á kostnaðaráætlun verkefnisins og að fjárfestar og fjármögnunaraðilar væru reiðubúnir að styðja fjárhagslega við verkefnið á vaxtar- og þróunarárum. Lokið er við alla samninga um aðkomu fjárfesta og staðið verður við fjármögnunarforsendur verkefnisins enda er það að ná markmiðum sínum, það fengið frábærar móttökur, er aðdráttarafli og lyftistöng fyrir bæinn og skapar störf á svæðinu – hefur þegar greitt tugi milljóna í laun til íbúa svæðisins.

7. Ef rekstrarhagnaður Sýndarveruleika ehf. verður ekki í samræmi við áætlanir kemur þá til greina að Byggðarsafnið fái aðstöðu á Aðalgötu 21-21a þar sem það er á hrakhólum hvað húsnæði varðar?

Ef rekstur Sýndarveruleika ehf. verður með neikvæðum hætti sem leiðir til þess að félagið hætti starfsemi, þá falla skuldbindingar Sveitarfélagsins Skagafjarðar gagnvart félaginu niður og þá er sveitarfélaginu heimilt að nýta húsnæðið undir aðra starfsemi. Hvað gert yrði við húsnæðið þá er undir stjórn eignasjóðs og sveitarstjórn komið.

8. Hver er kostnaður sveitarfélagsins vegna eldunaraðstöðu Gránu Bistro?

Kostnaður við við tæki nemur kr. 3.485.744. Ef miðað er við hlutfall fermetrafjölda vegna eldunaraðstöðu nemur kostnaðurinn kr. 8.108.306,-

Kostnaður þessi er í samræmi við ákvæði um hvernig húsnæðið er afhent, skv. samstarfssamningi frá 02.03. 2018.

9. Var útboð vegna matvælasölu þeirrar sem Grána Bistro stendur fyrir? Ef ekki, hvernig var þá staðið að ráðningu vegna veitingasölu?

Sýndarveruleiki ehf. rekur veitingasölu í Aðalgötu 21 og ber alla ábyrgð á þeim rekstri og mannhaldi vegna hennar. Því hlutast Sveitarfélagið Skagafjörður ekki til um útboð eðli málsins samkvæmt og ekki heldur til um ráðningu starfsmanna í eldhús.

10. Óska ég að auki eftir afriti af framkvæmdaáætlun við Aðalgötu 21-21a.

Aðalgata 21A og 21B - framvindu- og tímaáætlun.

Liður nr	Lýsing	feb.18	mar.18	apr.18	maí.18	jún.18	júl.18	ágú.18	sep.18	okt.18	nóv.18	des.18	jan.19	feb.19	mar.19	
1	Undirbúningur og umgjörð															
2	Hönnun og eftirlit															
3	Aðstaða og tækjabúnaður															
4	Heimtaugar															
5	Jarðvinna og lóð															
6	Burðarvirki															
7	Lagnir og hitakerfi															
8	Loftræsting															
9	Raflagnir															
10	Grána - eldhús, salerni og móttaka															
11	Frágangur innanhúss, hús 2,3 og 4															
12	Frágangur utanhúss															
13	Grána - viðgerð utanhúss															
14	Aukaverk-Viðbótarverk															

■ Áætluð verklok innanhúss í húsum 1 til 4. Verklok við frágang utanhúss, m.a. við málun, anddyri og bilastæði, er háð veðri